
LUNDUR 3 Í LUNDARREYKJADAL, BORGARFIRÐI.

DEILISKRÁNING FORNLEIFA VEGNA SKÓGRÆKTAR



ADOLF FRÍÐRIKSSON

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

REYKJAVÍK 2025

FS1033-25061



© 2025

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BRÆÐRABORGARSTÍG 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

KÁPUMYND: LUNDUR 3, HORFT IL AUSTURS

Efni:

Samantekt	4
Inngangur	5
Fyrri athuganir	6
Fornleifaskráning	7
Aðferðir	8
Vettvangsathuganir 2025	9
Niðurstöður	12
Fornleifaskrá	13
Heimildir	16
Viðauki: Hnitaskrá	17

Samantekt

Fornleifaskráning var gerð á landi Lundar 3 í Lundarreykjadal, Borgarbyggð í febrúar og mars 2025. Skráningin var unnin að ósk Skógræktarfélags Reykjavíkur í tilefni af fyrirhugaðri skógrækt á jörðinni. Bærinn Lundur á sér langa sögu og merka. Þar eru margvíslegar búsetuminjar og friðlýstar fornleifar. Lundur 3 nær hins vegar til vesturhluta jarðarinnar og utan bústaðar og túna Lundar. Við athugunina komu í ljós minjar á 7 stöðum. Fyrirhuguð landnýting mun hafa mjög lítil áhrif á friðaðar fornleifar á svæðinu.

Efnisorð: Fornleifaskráning, deiliskráning, Lundur, Lundarreykjadalur, skógrækt

Summary

This report presents the results of an archaeological survey undertaken at Lundur 3, which comprises the western side of the Lundur farm in Lundarreykjadalur, Borgarbyggð, W-Iceland. The survey was undertaken on behalf of Skógræktarfélag Reykjavíkur (Reykjavík Forestry Society) as part of preparations for forestry planning in the area. Lundur farm and church have documented history which stretches back to the Middle Ages. However, Lundur 3 is outside of the main farming activities.

The survey took place in February and March 2025, and revealed 7 archaeological sites. Planned use of the land will have very limited impact on the known cultural remains in the area.

Keywords: Archaeological Survey, Forestry Planning, Lundur, Lundarreykjadalur



Mynd 1. Lundur í Lundarreykjadal. Græna línan sýnir landamerki Lundar 3. Utan við reitinn hægra megin sjást hús og kirkja á Lundi (kortagrunnur Loftmyndir ehf ©).

Inngangur

Haustið 2024 óskaði Skógræktarfélag Reykjavíkur eftir að Fornleifastofnun Íslands ses tæki að sér skráningu fornleifa á landareign félagsins, Lundi 3 í Lundarreykjadal, vegna áforma um ræktun skógar. Lundur 3 samsvarar nyrsta og vestasta hluta jarðarinnar Lundar, sem nær frá bökkum Grímsár sunnanmegin, að merkjum móti Arnþórsholti að vestan og norður yfir Lundarháls að Flókadalsá. Kannaðar voru heimildir um minjar og búsetu á Lundi og nágrenni og minjar skráðar á vettvangi í febrúar og mars 2025. Í þessari skýrslu er fjallað um fyrri athuganir, þ.e. stöðu þekkingar við upphaf verks, gerð grein fyrir lögbundnum forsendum og aðferðum við fornleifaskráningu og loks greint frá árangri deiliskráningar á reitnum.

Fyrri athuganir

Lundur er eitt af höfuðbólum Borgarfjarðar og er jörð sem á sér merka sögu. Líklegt er að búsetu á jörðinni megi rekja aftur til upphafs landnáms og kirkja reis þar þegar á 12. öld. Goðorð héraðsins hét eftir Lundarmönnum á Sturlungaöld, og sjálfur dalurinn, sem að fornu hét Syðri-Reykjadalur, dregur nafn af bænum. Strax við upphaf fornleifarannsókna á 19. öld vakti Lundur og nágrenni athygli fræðimanna. Heitið “Lundur” var talið vísa til helgi staðarins í heiðni. Nefndar eru fornleifar á Lundi í sögustaðalýsingum Kristian Kálund, sem ferðaðist um landið á árunum 1872-74¹. Í brekkunni ofan við bæinn er tóft sem talin var leifar af hofi úr heiðni. Þar lét Hið íslenska fornleifafélag gera rannsókn með uppgrefti árið 1884². Síðar var tóftin friðlýst og er hún enn ein fárra friðlýstra minja í Borgarfirði³. Er tóftin var grafin upp á ný 1939 kom í ljós að líklega væru þar leifar bæjarhúsa⁴ eða jafnvel fjóss⁵.

Hin meinta hoftóft á Lundi er eini friðlýsti staðurinn í landareigninni. Við úttekt á friðlýstum stöðum í Borgarfjarðarsýslu 1989 voru minjarnar á Lundi kortlagðar og ástandi þeirra lýst⁶. Skammt frá friðlýstu tóftinni er svokallað Bláskeggssleiði, sem talið var legstaður úr heiðni⁷.

Árin 1995-1996 fór fram svæðisskráning fornleifa í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar. Slík skráning felur ekki í sér vettvangsathuganir, heldur er upplýsinga safnað úr margvíslegum ritheimildum. Svæðisskráning hefur þann kost að hún dregur upp mynd af líklegum fjölda og tegundum minja á viðkomandi svæði. Við þessa heimildakönnun var m.a. safnað upplýsingum um fornleifar í Lundarreykjadal. Kom í ljós að heimildir bentu til að a.m.k. 33 minjastaði væri að finna á Lundi og flestir nærri bæjarstæði jarðarinnar.⁸ Aðalskráning fornleifa, þ.e.a.s. kortlagning þekktra minja á vettvangi, hefur ekki verið unnin í Lundarreykjadal og því liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um fjölda eða dreifingu fornleifa í landi Lundar.

Ýmis skipulagsvinna eða áform um framkvæmdir leiða til þess að gerð sé deiliskráning á afmörkuðum svæðum. Árið 2023 var gerð slík athugun í tilefni af fyrirhugaðri lagningu jarðstrengs í fimm

¹ Kálund I, 301-30.

² Sigurður Vigfússon: ‘Rannsókn í Borgarfirði 1884.’ Árbók 1884-85, 61-138 og 1886, 1-51.

³ Matthías Þórðarson: ‘Smávegis. Um nokkra staði og fornmenjar ...’ Árbók 1909, 40-49; Skrá um friðlýstar fornleifar, Rv. 1990.

⁴ Voionmaa, Jouko: ‘Lundur. Borgarfjarðarsýsla.’ Forntida gárdar í Ísland, 171-190.

⁵ Kristján Eldjárn: ‘Athugasemd um fornar tóftir á Lundi í Lundarreykjadal.’ Árbók 1964, 102-110.

⁶ Guðmundur Ólafsson, Friðlýstar fornleifar í Borgarfjarðarsýslu, Reykjavík : Hið íslenska fornleifafélag : Þjóðminjasafn Íslands, 1996.

⁷ Adolf Friðriksson: Kuml í uppsveitum Borgarfjarðar Skýrsla um rannsóknir 2011-2012 Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2013. FS507-07291.

⁸ Orri Vésteinsson 1996. Menningarminjar í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar. Svæðisskráning. FS016-95033, Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

sveitarfélögum á Vesturlandi. Fyrirhugað var að leggja strenginn m.a. meðfram Lundarreykjadalsvegi, þar sem vegurinn liggur um land Lundar og Lundar 3⁹.

Við vettvangsathuganir 2025 var höfð hliðsjón af þessum rannsóknum.

Fornleifaskráning

Fornleifaskráning snýst um að afla upplýsinga um staðsetningu minja, greina í minjaflokka, kanna ástand þeirra og afdrif. Þessháttar kortlagning er sú leið sem stjórnvöld hafa valið til að stuðla að markvissari ákvörðunum varðandi fyrirhugaða landnotkun og framkvæmdir.

Allt frá miðri 19. öld hefur margvísleg fornleifaskráning verið unnin hér á landi, en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir - Lundur þ.m.t. - kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags. Voru það, einkum staðir sem á einn eða annan hátt vörðuðu fornsögur, landnám og þjóðveldistímenn. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980. Á þessum tíma hafa orðið miklar breytingar á hvað telst til fornleifa og hvað ekki. Torfbyggingar sem þóttu hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um minjar frá öllum skeiðum sögunnar og stuðla að verndun þessa menningararfs fyrir komandi kynslóðir.

Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun (aðaskráning eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið með löggjöfnni.

Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstaði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa,

⁹ Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri) Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs á Vesturlandi sumarið 2023. FS969-23141 Reykjavík 2023 Fornleifastofnun Íslands.

klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bóllum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum. Þ.a.l. getur vönduð fornleifaskráning dregið fram heildarsvip bústaða og landnotkunar, ásamt menningarsögulegu samhengi þeirra í nærumhverfinu, s.s. álagablettum, vöðum og reiðleiðum.

Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef hrófla þarf við fornleifum þarf að óska eftir sérstöku leyfi Minjastofnunar og sker hún um hvort þessháttar heimild verði veitt og með hvaða skilyrðum.

Aðferðir

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, BO o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-162:001). Á hverjum minjastað eru ein eða fleiri fornleifar og bætist númer fyrir hverja og eina aftan við (dæmi: BO-162:001_01). Í skýrslunni eru birtar upplýsingar um þær


minjar sem eru innan úttektarsvæðanna. Að auki er bent á minjar í jaðri úttektarsvæðis sem og þær sem heimildir eru til um en staðsetning óljóst sem aftur gæti vakið grun um að þær væru í uppnámi vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Af þessum sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (s.s. álagablettur, reiðleið eða vað). Allir minjastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hana á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt í mikilli hættu. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Vettvangsathuganir 2025

Fyrirhugað er að nýta vestari hluta Lundarjarðar fyrir skógrækt. Sá hlut heitir nú Lundur 3 og afmarkast af Grímsá í suðri, landamerkjum mót Arnþórsholti í vestri og fylgir gömlum landamerkjum þaðan yfir Lundarháls norður að Flókadalsá um Vegagil og frá ánni til suðurs upp að vesturenda Vestari Hrafnatjarnar og þaðan niður Húsadalsbrekkur (mynd 1), út með þjóðvegi, niður Djúpaskurð að árbakka Grímsár og með ánni vestur að áðurnefndum merkjum við Arnþórsholt.

Allt svæðið telur rúmlega 610 hektara. Fyrirhugað er að rækta skóg á um fjórðungi þess, eða 150-180 ha. þar sem heitir Bringur, eða Lundarbringur. Liggur það svæði meðfram fjallsrótum, ofan þjóðvegur og meðfram honum, frá Geldingagili í vestri og suðaustur að Húsamel.



Mynd 2. Fornleifar á syðri hluta Lundar 3. Rauðu línurnar sýna gamlar reiðleiðir. (kortagrunnur Loftmyndir ehf ©).


Áður en Lundi var skipt taldi jörðin hátt í 1200 ha og er Lundur 3 því rúmlega helmingur landareignarinnar. Ætla mátti að á jörð sem hefur lengi verið byggð og gegnt mikilvægu hlutverki í héraði þá væri fornleifar að finna víða. Samkvæmt fyrirbyggjandi heimildum eru a.m.k. um 35 minjar á Lundi. Með hliðsjón af öðrum höfuðbólum og miðað við sögu og stærð jarðarinnar er sá fjöldi í minna lagi. Er mjög líklegt að minjastöðum fjölgi við nánari athuganir. Helstu heimildir eru túnakort og jarðabækur og þá sérstaklega örnefnaskrár, því örnefni gefa oft skýrar vísbendingar, s.s. um stekki og sel og jafnvel þjóðsögulega staði. Rétt er að halda til haga að höfundur örnefnaskrárinnar taldi mörg örnefna á Lundi glötuð¹⁰. Það er ljóst þegar hún er skoðuð og borin saman við skrár yfir varðveitt örnefni á öðrum bæjum í dalnum. Á flestum jörðum eru t.d. þekktar stekkjartóftir eða örnefni um stekki, en því er ekki að heilsa á hinn stóru landareign, Lundi.

Kot og afbýli voru í landi Lundar en minjar þeirra eru astantil í landinu, utan reits. Sömu sögu er að segja um seljabúskapinn. Gamla-Lundarsel (BO-178b:002) og Lundarsel (BO-178b:003) stóðu Flókadalsmegin í landi Lundar og góðan spöl austar en spildan sem tilheyrir Lundi 3.

Flestar minjar eru í eða við gömlu heimatún bæjanna. Á Lundi hefur verið búið í margar aldir og heimildir um kirkju þar ná aftur til um 1200. Upprunalegt bærarstaði er óþekkt, en má vel vera að það

¹⁰ Ö-Lundur: Ari Gíslason, Lundur, örnefnaskrá, s. 1.

hafi verið þar sem bærinn stóð í seinni tíð, þ.e. kippkorn neðan við kirkjuna. Gamla bæjarstæði Lundar og kirkjan standa um 1 km austan við reitinn.



Mynd 3. Fornleifar á nyrðri hluta Lundar 3. Djóðleið lá yfir Lundarháls og yfir Flókadalsá á Vegagilsvaði. (kortagrunnur Loftmyndir ehf ©).

Ekki er kunnugt um búsetu á vestari hluta jarðarinnar, en á hinn bóginn er þar tóftaþyrping (BO-178:024), neðan við veg en fast við skráningareitinn. Þessar tóftir eru leifar fjárhúsa samkvæmt örnefnaskrá Lundar og er staðsetningin ekki ósennileg að þar hafi verið beitarhús frá Lundi. Hinsvegar er rústasvæðið umfangsmikið og gefur það til kynna að beitarhúsin kunni að hafa verið byggð á eldri minjum. Ekki er útilokað að eldri minjarnar séu leifar af bæjarstæði. Athygli vekur að melurinn fyrir ofan (og innan Lundar 3), sem og eyrin fyrir neðan virðast draga nafn sitt af þeim mannvirkjum sem þarna stóðu, þ.e.a.s. Húsamelur og Húseyrar, auk þess sem í hlíðinni fyrir ofan heitir Húsadalur og Húsadalsbrekkur. Hluti minjastaðarins gæti hafa horfið við vegagerð enda liggur Lundarreykjadalvegur þétt norðan við hann. Allt svæðið er utanvert við jaðar skógræktarsvæðis, en þessa er getið hér því ekki

er útilokað að minjar leynist í grennd við rústirnar, t.a.m. norðan vegar. Engin slík ummerki er að sjá á vettvangi.

Lundur var í þjóðleið og gegndi að auki fjölþættu hlutverki í héraði. Landið neðan þjóðvegur er blautt og þótti mikill farartálmi. Farið var ýmist neðst með fjallsrótum eða með árbökkum þar sem þurrt var. Efri leiðin (BO-671:006) lá örlítið ofar en Lundarreykjadalsvegur 512 var lagður um miðja síðustu öld. Ekki sjást reiðgötur eða önnur ummerki um þessa leið nú, enda talsvert um skriður, rof og jarðföll meðfram endilöngum Lundarhálsi.

Neðri leiðin (BO-671:002) liggur að mestu meðfram norðurbakka Grímsár. Var það kallað “að fara Bugana”, enda áin hlykkjótt þar sem hún rennur meðfram Lundi: “Bugaleiðin þótti langskemmtilegust á sumardag, en illfær eða ófær í vatnavöxtum.”¹¹ Meðfram ánni liggja nokkrar götur til merkis um leiðina. Vöð á ánni voru Hólmavað (BO-178:035) og Breiðavað (BO-178:028). Mýrin upp af Hólmavaði heitir Lundarhringur og þar var torfrista (BO-178:025). Loks var þriðja leiðin (BO-178:036), frá Lundarbæ, yfir Lundarháls, um Vegagil og niður í Flókadal. Á sunnanverðum bakka Flókadalsár eru malareyrar og undirlendið bratt með holtum og móum en að mestu mýrar. Á bakkanum er slóði, en hann er líklega frá síðari tímum, enda lá leiðin yfir ána á Vegagilsvaði (BO-178:030), til austurs á norðurbakkanum skv. Herforingjaráðskorti frá 1911.

Niðurstöður

Fjöldi minja á skráningarsvæðinu er lítill, enda eru engir þekktir bústaðir innan þess. Torfrista var á Lundarhring, sem er í mýrinni neðan vegar. Aðrar minjar innan reits eru samgönguminjar. Áform um skógrækt ná eingöngu til svæðis ofan vegar sem heitir Bringur. Þar er ein fornleif, reiðleiðin BO-671:006, en hún hefur að mestu lent undir Lundarreykjadalsvegi 512 sem og undir skriðum úr Lundarhálsi fyrir ofan. Er niðurstaða athugana því sú að ræktunaráform hafi mjög lítil áhrif á þekktar fornleifar.

Nær allar minjarnar á skráningarsvæðinu eru samgönguminjar. Saman mynda þær menningarsögulega heild. Þær eru hluti af menningarlandslagi dalsins. Lundur var ekki einungis bújörð heldur miðstöð sveitarinnar. Þar reis kirkja snemma á miðöldum. Í seinni tíð var þingstaður héraðsins um tíma á Lundi. Þar reist fyrsta samkomuhúsið. Ungmennafélagið var stofnað í kirkjunni á Lundi. Þar störfuðu lestrarfélag og vöru- og pöntunarfélag og gefið út sveitablaðið Hann og hún. Lundur var í þjóðleið. Reiðgöturnar og vöðin eru minjar um fyrra hlutverk staðarins og við breytta landnotkun væri kostur að taka mið af þessum einkennum menningarlandslags í dalnum.

¹¹ BB II, 252.

Fornleifaskrá

BO-178 Lundur

BO-178:024

tóftir beitarhús

A 384541

N 452760

“Utan við Húsagil eru Húsadalsbrekkur, niður undan þeim er Húsamelur, og undir þeim mel eru rústir eftir fjárhús; þaðan liggja svo Húseyrar niður að á,” segir í örnefnalýsingu. Beitarhúsin eru um 1,2 km VNV við Lundarbæ 001, fast sunnan við Lundarreykjadalveg 512 norðan við Grímsá. Nokkrar tóftir eru á þessum stað, í brekku sem hallar til suðurs niður að Húseyrum.

Svæðið einkennist af fremur bröttum fjallshlíðum Lundarmúla til norðurs. Hlíðarnar eru grónar en víða eru melhólar, rof og deiglendi. Tún eru sunnar, á láglendi við Grímsá.

Beitarhúsin eru í brekku sem hallar til suðurs frá þjóðveginum og grasivaxin tún eru umhverfis þau til allra átta. Tóftirnar eru á hólum og hefur ekki verið raskað. Beitarhúsatóftin er 20x7,5 m að stærð og snýr norður-suður. Austurlanghlið gengur 7 m lengra til suðurs, líklega til að auðvelda innrekstur. Vírgirðing liggur þvert yfir miðja tóftina en raskar henni ekki mikið. Tóftin skiptist í tvö hólfi, niðurgrafin hlaða er að baki beitarhúsunum en ekki er op á milli þeirra. Bæði hólfin snúa norður-suður. Beitarhúsin eru sunnar og eru 5x1,7 m að innanmáli. Hólflið er opið til suðurs, við austurlanghlið. Hlaðan er norðar og er 2x1,3 m að innanmáli. Ekki sést op þar. Veggir eru algrónir en hér og þar glittir í grjót. Þeir eru 0,5-0,8 m á hæð og hlaðan virðist niðurgrafin um 0,5 m.

Minjastaðurinn er í jarðri fyrirhugaðs skógræktarsvæðis, en utan þess og neðan vegar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Lundur, 2

BO-178:025

Lundarhringur heimild

rista A 382602 N453541

Lundarhringur (Hringur) er mýri utan við Tjarnarbakka, sem nær út að merkjum. “Í Lundarhring ...er torfrista”, segir í örnefnaskrá. Ofan við bakkana er landið talsvert blautt og engin ummerki um torfskurð sýnileg. Fyrirhuguð skógrækt er í Lundarbringum, ofan vegar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Lundur, 2, 3

BO-178:028

Breiðavað

heimild vað

A 386941 N 4455386

“... Breiðavað [er] af Breiðavaðsbökkum yfir í Hörslanesið” segir í örnefnaskrá. Vaðið er við skráningarsvæði, en utan fyrirhugaðs skógræktarreits.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Lundur, 3

BO-178:029

Vegagil

leið

A 386941

N 455386

Leið lá frá Lundarbæ, yfir Lundarháls, um Vegagil og niður í Flókadál. “Merkin móti Lundi eru um gil, sem heitir Vegagil (...). Innan við það heitir Þrætutunga”, segir í örnefnaskrá Eyrar. Ennfremur segir í örnefnaskrá Lundar: “... spildan í norðurhlíð hálsins, sem nefnd er Þrætutunga (...); vestan við hana er Vegagil (...) eða ef til vill eldra nafn Drangsgil (...), en að austan Glúmsgil ... Glúmsgil rennur svo í Flóku (...), og á henni fast ofan við Vegagil er Vegagilsvað (...). Í Þrætutungunni eru grasblettir hér og hvar, nefndir Lundarblettir (...); þessir blettir eru neðst í Þrætutungu”.

Á sunnanverðum bakka Flókadalsár eru malareyrar og undirlendið bratt með holtum og móum en að mestu mýrar. Á bakkanum er slóði, en hann er líklega frá síðari tímum, enda lá leiðin yfir ána á Vegagilsvaði (BO-178:030), til austurs og yfir á norðurbakkann skv. Herföngjaráðskorti frá 1911. Leiðin er að hluta innan Lundar 3, en fjarri fyrirhuguðu skógræktarsvæði í Bringum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herföngjaráðskort 36 NV (1911); Ö-Eyri 1; Ö-Lundur, 3-4

BO-178:030

Vegagilsvað

vað

A 387189 N 456044

Leiðin yfir Lundarháls liggur yfir Flókadals á vaði. “Vegagilsvað er vað á Flóku fast ofan við Vegagil” segir í örnefnaskrá Lundar. Í örnefnaskrá Eyrar segir: “Vegagilsvað er ofan við Vegagilsfoss”.

Vaðið er við jaðar skráningarsvæðis, en fjarri fyrirhugaðs skógræktarreits í Lundarbringum.

Heimildir: Ö-Lundur 3-4; Ö-Eyri 3; Herföngjaráðskort 36 NV (1911)

Hættumat: engin hætta

BO-178:035

Hólmavað

vað

A 382885

N 453139

Hólmavað er vað á Grímsá suðaustan við Hring (025). Þetta vað er ekki nefnt í örnefnaskrá Lundar, en svo segir í örnefnaskrá fyrir bæinn Skarð, hinu megin Grímsár: “Skarðsflói... liggur að Grímsá,... er hólmi í ánni, sem er nafnlaus, en yfir hann liggur vað á ánni, sem heitir Hólmavað”.

Hólmavað er við jaðar skráningarsvæðis en utan fyrirhugaðs skógræktarreits.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Skarð, 1.

BO-178b:002

Gamla-Lundarsel

tóftir

sel

Í örnefnaskrá afreittar Lunddæla segir: “Vestan Selflóa er hæð og heitir Selhæð. Sunnan undir Selhæð er Gamla-Lundarsel við Engjadalsá, ... rústir sjást”. Minjarnar eru utan Lundar 3.

Heimildir: JJ, 120; Ö-Afrettur Lunddæla, 16

BO-178b:003

Lundarsel

tóftir

sel

“Vestan Selflóa er hæð og heitir Selhæð. Sunnan undir Selhæð er Gamla-Lundarsel við Engjadalsá, og Lundarsel nokkru neðar. Það mun hafa verið fyrst byggt á dögum sr. Bjarn Sigvaldasonar, fyrir 1870, og stóð fram yfir 1880. Rústir sjást á þessum stöðum báðum.” Minjarnar eru utan Lundar 3.

Heimildir: Ö-Afréttur Lunddæla, 16-17

Fornleifar á fleiri en einni jörð

BO-671:002 heimild um leið

A 382683 N 453330

Lundur var í þjóðleið og gegndi að auki fjölþættu hlutverki í héraði. Á herforingjaráðskorti 36 NV frá 1911 er merkt leið meðfram Grímsá eftir fremri hluta af norðaustanverðum Lundarreykjadal. Leiðin liggur af leið BO-661:001 við hreppamörk í mynni dalsins og að Lundi BO-178. Landið neðan þjóðvegur er blautt og þótti mikill farartálmi. Farið var ýmist neðst með fjallsrótum (BO-671:006) eða með árbökkum þar sem þurrt var. Neðri leiðin (BO-671:002) liggur að mestu meðfram norðurbakka Grímsár. Var það kallað “að fara Bugana”, enda áin hlykkjótt þar sem hún rennur meðfram Lundi: “Bugaleiðin þótti langskemmtilegust á sumardag, en illfær eða ófær í vatnavöxtum.” (BB).

Meðfram ánni liggja nokkrar götur til merkis um leiðina. Vöð á ánni voru Hólmavað (BO-178:035) og Breiðavað (BO-178:028). Leiðin liggur um skráningarsvæðið, en neðan við fyrirhugaðan skógræktarreit í Bringum, sem er ofan vegar 512.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: BB II, 252; Herforingjaráðskort 36 NV (1911)

BO-671:006 heimild um leið

A 383383

N 453623

Lundur var í þjóðleið og gegndi að auki fjölþættu hlutverki í héraði. Landið neðan þjóðvegur er blautt og þótti mikill farartálmi. Farið var ýmist neðst með fjallsrótum eða með árbökkum þar sem þurrt var. Efri leiðin (BO-671:006) lá örlítið ofar en Lundarreykjadalssvegur 512, sem var lagður um miðja síðustu öld og að hluta yfir reiðleiðina. Ekki sjást reiðgötur eða önnur ummerki um þessa leið nú, enda talsvert um skriður, rof og jarðföll meðfram endilöngum Lundarhálsi. Á útgáfu herforingjaráðskorts 36 NA frá 1911 er þessi leið merkt, með rótum Lundarmúla, milli Skálpastaða BO-197 og Lundar BO-178.

Leiðin liggur um skráningarsvæðið, en að mestu neðan við fyrirhugaðan skógræktarreit í Bringum, ofan vegar. Má vera að skógrækt, girðingavinna og umferð vinnuvéla hafi áhrif á þessa gömlu slóð, en hún er að mestu horfin.

Hættumat: lítil hættu

Heimildir: BB II, 252; Herforingjaráðskort 36 NV (1911)

Heimildir

- Adolf Friðriksson: Kuml í uppsveitum Borgarfjarðar Skýrsla um rannsóknir 2011-2012 Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík 2013. FS507-07291.
- BB: Byggðir Borgarfjarðar II. Borgarfjarðarsýsla og Akranes, [án útgst] 1989.
- Freysteinn Sigurðsson. 2004. Borgarfjarðahérað milli Mýra og Hafnarfjalla. (Árbók Ferðafélags Íslands). Reykjavík, Ferðafélag Íslands.
- Guðmundur Ólafsson, Friðlýstar fornleifar í Borgarfjarðarsýslu, Reykjavík : Hið íslenska fornleifafélag : Þjóðminjasafn Íslands, 1996.
- Herforingjaráðskort 36NV Botnsheiði, 1911.
- JÁM: Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IV, Kaupmannahöfn 1925 og 1927.
- JJ: J. Johnsen. 1847. Jarðatal á Íslandi. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Jón Gíslason, Þættir úr sögu Ungmennafélagsins Dagrenningar í Lundarreykjadal. Borgfirðingabók, 17. árgangur 2016.
- Kálund, Kristian Íslenzkir sögustaðir. Reykjavík : Örn og Örlygur, 1984-1986.
- Kristján Eldjárn: 'Athugasemd um fornar tóftir á Lundi í Lundarreykjadal.' Árbók 1964, 102-110.
- Landeignaskrá HMS: <https://landeignaskra.hms.is/179729>
- Matthías Þórðarson: 'Smávegis. Um nokkra staði og fornmenjar ...' Árbók 1909, 40-49
- Orri Vésteinsson 1996. Menningarminjar í Borgarfirði norðan Skarðsheiðar. Svæðisskráning. FS016-95033, Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstjóri) Fornleifaskráning vegna lagningar jarðstrengs á Vesturlandi sumarið 2023. FS969-23141 Reykjavík 2023 Fornleifastofnun Íslands.
- Sigurður Vigfússon: 'Rannsókn í Borgarfirði 1884.' Árbók 1884-85, 61-138 og 1886, 1-51.
- Skrá um friðlýstar fornleifar, Fornleifanefnd, Þjóðminjasafn Ísl., Rv. 1990.
- Túnakort, Lundur. Þjóðskjalasafn Íslands, ópr.
- Voionmaa, Jouko: 'Lundur. Borgarfjarðarsýsla.' Forntida gærdar i Island, 171-190.
- Ö-Afréttur Lunddæla: Ari Gíslason, Afréttur Lunddæla, örnefnaskrá, Örnefnasafn Íslands, ópr.
- Ö-Eyri: Ari Gíslason, Eyri, örnefnaskrá, Örnefnasafn Íslands, ópr.
- Ö-Lundur: Ari Gíslason, Lundur, örnefnaskrá, Örnefnasafn Íslands, ópr.
- Ö-Skarð: Ari Gíslason, Skarð, örnefnaskrá, Örnefnasafn Íslands, ópr.

Viðauki: Hnitaskrá

Nr.	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	X	Y
Bo-178:024		tóftir	beitarhús	384541	452760
BO-178:025	Hringur	heimild	rista	382602	453541
Bo-178:028	Breiðavað	heimild	vað	383579	452684
BO-178:029	Vegagil	heimild	leið	386941	455386
Bo-178:030	Vegagilsvað	heimild	vað	387189	456044
Bo-178:034	Hólmavað	heimild	vað	382885	453139
BO-671:002		heimild	leið	382683	453330
Bo-671:006		heimild	leið	383383	453623